

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 234/2020 um gildistöku reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit og
aðra opinbera starfsemi með matvælum, fæði o.fl.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu
öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum
ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2025 frá
7. febrúar 2025, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2104 frá 27. júní 2024 um viðbætur
við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við
hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara
inn til Sambandsins. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins
nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 471.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með
eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga um
matvæli, nr. 93/1995.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995 og lögum um eftirlit með
fæði, nr. 22/1994.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Svava Pétursdóttir.